

16. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn . 2. júlí 2019 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs Lyngási 12.

Fundurinn hófst kl. 14:00.

Á fundinn eru mættir, Björn Ingimarsson, Gunnar Jónsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Elvar Snær Kristjánsson og Hildur Þórisdóttir.

Steinar Ingi Þorsteinsson var í síma.

Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

Formaður óskaði eftir því að hvert og eitt sveitarfélag taki saman kostnað vegna fundarsetu og ferða fulltrúa í samstarfsnefnd og skili inn til Fljótsdalshéraðs til greiðslu.

2. Álit samstarfsnefndar

Fulltrúar hvers og eins sveitarfélags gerði grein fyrir afgreiðslu sveitarstjórnar á álit samstarfsnefndar og ábendingum sem ræddar voru á fundunum.

Allar sveitarstjórnir samþykktu að kjördagur verði 26. október 2019 og að Samstarfsnefnd verði falið að sjá um kynningarmál, með þeirri undantekningu að bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hyggst sjá um undirbúning íbúafundar í samráði við Samstarfsnefnd og ráðgjafa.

Björn, Gauti og Róbert gerðu grein fyrir fundi þeirra með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þar sem tillaga að samgönguáætlun hafi verið megin umræðuefnið.

3. Kynningaráætlun

Róbert kynnti drög að kynningaráætlun og lagði nefndarfólk til ákveðnar breytingar á henni sem gerðar voru á fundinum.

Róberti falið að óska eftir tilboðum í ráðgjöf við almannatengsl og hönnun kynningarefnis.

4. Undirbúningur atkvæðagreiðslu

Róbert kynnti gátlista sem lýsir hlutverki ýmissa aðila við undirbúning atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaganna.

Birni og Róbert falið að skrifa bréf til sveitarstjórna, kjörstjórna, dómsmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, utanríkisráðuneytis og sýslumanns Austurlands þar sem kjördagur er kynntur og óskað eftir því að allir aðilar hefji undirbúning atkvæðagreiðslunnar.

5. Fundir samstarfsnefndar

Ákveðið að næsti fundur fari fram 12. júlí kl. 9.30 og verði fjarfundur.

Áætlað er að Samstarfsnefnd fundi í annarri viku ágúst til að undirbúa kynningarmál.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 16.00.